

13 Vöktunaráætlun

13.1 Formáli

Skv. grein 3.4 í nágildandi starfsleyfi Íslandslax hf. að Núpum skal í stöðinni vera vöktunaráætlun.

13.2. Ábyrgð og framkvæmdarvald

Stöðvarstjóri ber ábyrgð á að áætluninni sé fylgt.

13.3. Gildistaka

Vöktunaráætlun Íslandslax hf. Núpum tekur þegar gildi.

13.4. Markmið

Helstu markmið vöktunaráætlunarinnar er að:

- Fylgjast með hugsanlegum áhrifum eldisins á nánasta umhverfi stöðvarinnar
- Mæla virkni hreinsibúnaðar

13.5. Verklagsreglur / útfærsla

Áætlunin er tvískipt. Annars vegar er um að ræða sýni sem tekin eru árlega og hinsvegar sýni sem tekin eru á þriggja ára fresti. Öll sýni eru tekin í samráði við viðurkennda rannsókarstofu sem síðan sér um að greina þau.

Vöktunaráætlun 1. Árleg sýnataka

- Til að hægt mæla virkni þess hreinsibúnaðar sem er til staðar eru sýnatökustaðirnir þrír:
 - Vatn sem notað er við seiðaeldið (vinnsluvatn)
 - Vatn fyrir settjörn
 - Vatn eftir tromlusíu
- Sýnin eru tekin á tímabilinu febrúar - mars.

- Sá aðili sem greinir sýnin sér stöðvarstjóra fyrir sýnatökuílátum og sýnatökubúnaði.
- Við sýnatökur á vatni eru sýnin látin í flösku án geymsluefna
- Sýni af vatni eru tekin yfir heilan dag; kl 08, 10, 12, 14 og 16. Í hvert skipti eru teknir 4 x 1l og settir saman í 4l fötu, sýnum blandað saman og 20 ml setti í sýnatökuflöskuna.
- Sýni eru geymd kæld á milli sýnatökutilvika og frá sýnatökum þar til sýni berst rannsóknarstofu.
- Eftirfarandi er mælt árlega:
 - Svifagnir (lífrænn hluti skilgreindur)
 - Sýrustig
 - Hitastig

Vöktunaráætlun 2. Sýnataka á þriggja ára fresti.

- Til að hægt mæla virkni þess hreinsibúnaðar sem er til staðar eru sýnatökustaðirnir þrír:
 - Vatn sem notað er við seiðaeldið (vinnsluvatn)
 - Vatn fyrir settjörn
 - Vatn eftir tromlusíu
- Sýnin eru tekin á tímabilinu febrúar - mars.
- Sá aðili sem greinir sýnin sér stöðvarstjóra fyrir sýnatökuílátum og sýnatökubúnaði.
- Við sýnatökur á vatni eru sýnin látin í tvær flöskur, annars vegar fyrir heildarköfnunarefni, heildarfosfór og COD (flaska með brennisteinssýru) og hins vegar fyrir svifagnir (flaska án geymsluefna).
- Sýni af vatni eru tekin yfir heilan dag; kl 08, 10, 12, 14 og 16. Í hvert skipti eru teknir 4 x 1l og settir saman í 4l fötu, sýnum blandað saman og 20 ml setti í sýnatökuflöskuna.
- Sýni eru geymd kæld á milli sýnatökutilvika og frá sýnatökum þar til sýni berst rannsóknarstofu.
- Eftirfarandi er mælt á þriggja ára fresti:
 - Heildarköfnunarefni
 - Uppleyst heildarköfnunarefni
 - Heildarfosfór
 - Uppleystur heildarfosfór
 - COD
 - Svifagnir (lífrænn hluti skilgreindur)
 - Ammoníak
 - HOCl
 - Súrefnismettun
 - Sýrustig
 - Hitastig